

Háskóli Íslands
Hugvísindasvið
Heimspeki

Neysla og nægjusemi

Um siðfræði neysluhyggju

Ritgerð til BA-prófs í heimspeki

Elísabet Rós Valsdóttir

Kt.: 0812912179

Leiðbeinandi: Björn Þorsteinsson

Janúar 2016

Ágrip.

Í ritgerðinni verða uppruni og rót neysluhyggjunnar rannsökuð sem og áhrif hennar á konur og karla. Neysluhyggja er áberandi afl í nútímasamfélögum. Neysla snýst ekki lengur eingöngu um lífsafkomu og nauðsynjavörur heldur einkennist hún núorðið af neyslu á munaðarvörum. Það er einnig ljóst að af neysluhegðun mannkyns stafar mikil hættu, bæði fyrir heilbrigði samfélaga sem og heilbrigði jarðarinnar. Þess vegna hljótum við að spyrja okkur hvers vegna neysla heldur áfram að aukast í stað þess að minnka.

Litið verður til kenninga Thorsteins Veblens og Jeans Baudrillardar um uppruna og rót neysluhyggjunnar. Í kjölfar þeirra verður siðfræði neysluhyggjunnar skoðuð, bæði út frá því sem kenningar Veblens og Baudrillardar segja og því sem bæta má við gagnrýni þeirra, þ.e. aðrar afleiðingar og áhrif af neysluhegðun manna. Að lokum verður þróað andsvar við neysluhegðun nútímamannsins út frá því fordæmi sem Sókrates setti með því að helga líf sitt heimspeki og andlegri iðkun.

Efnisyfirlit.

Ágrip.	2
Efnisyfirlit.	3
Inngangur.	4
1. hluti. Uppruni og rót neysluhyggjunnar.	6
a. Kenning Veblens.	6
b. Kenning Baudrillard's.	10
2. hluti. Siðfræði neysluhyggjunnar.	15
a. Í hverju felst gagnrýnin?.....	15
b. Hverju má mæta við gagnrýni þeirra?.....	17
3. hluti. Nægjusemi, „að lifa sem dauður væri“.....	22
Lokaorð.	26
Heimildaskrá.	28

Inngangur.

Því hefur oft verið varpað fram að ef við vildum halda áfram að neyta eins og við gerum þyrftum við þrjár jarðir til viðbótar. Því er ljóst að neysla mannkynsins er á hættulega háu stigi. Ekki einungis stofnum við lífi okkar sjálfra og komandi kynslóða í hættu heldur leyfi ég mér að halda því fram að við séum heldur ósiðleg í neyslu okkar. Við kaupum ódýr föt og ódýra tækni sem er á lágu verði vegna þess að hvort tveggja er framleitt við slæmar aðstæður þar sem neyð fólks er nýtt til að halda launum niðri og þar með framleiðslukostnaði. Við neytum kjöts þótt við vitum vel að flest dýranna sem kjötið er af hafa þjáðst og að ræktun þeirra stuðli að mikilli mengun. En við kjósum flest að líta í hina áttina og halda áfram neyslu okkar. Það er auðvelt að horfa í hina áttina þegar neyðin er okkur ekki nálæg.

Neysla sem slík er ekki vandamál enda þurfum við að neyta á alls konar máta til þess að lifa af. Við þurfum að neyta matar og drykkjar, kaupa föt til þess að halda á okkur hita og ýmislegt fleira. Hins vegar hefur neysla okkar breyst á ýmsan hátt. Við neytum ekki lengur eingöngu til þess að fullnægja líkamlegum þörfum okkar. Neysla okkar snýst ennþá að mörgu leyti um nauðsynjavörur en einnig að stórum hluta um munaðarvörur sem skipta engu máli fyrir lífsafkomu okkar. Flest sækjumst við eftir því að eignast meira, lifa í meiri vellystingum og auðvelda líf okkar með hjálp ýmiss konar ónauðsynlegrar tækni. Við skilgreinum einnig aðra og okkur sjálf út frá hlutunum í lífi okkar. Hvernig fötum við göngum í, hvernig síma við eigum, hvernig við búum, hversu marga líttala-kertastjaka við eigum o.s.frv. Persónan er skilgreind út frá umbúðunum. Við erum líka hvött til þess að neyta eins mikið og við getum. Fjölmiðlar eru fullir af auglýsingum sem segja okkur hvernig við getum orðið mjórri, fallegri, hamingjusamari og jafnvel betri manneskjur ef við kaupum þetta eða hitt.

Neysluhyggja er ekki ný af nálinni en neysla hefur þó stóraukist á undanförunum áratugum. Neysla hefur verið endurskilgreind út frá munaði, hún snýst ekki lengur eingöngu um nauðsynjar heldur líka að stórum hluta um munað. Græðgi þótti einu sinni synd, en í nútímasamfélagi erum við hvött til þess að vera gráðug í allt. Neysla okkar virðist skilgreina okkur, einstaklingsfrelsið gerir það að verkum að við getum skilgreint okkur, sýnt fram á einstaklingseðli okkar, eins og okkur sýnist með neyslu okkar á alls kyns varningi.

Neysluhyggja einkennir hagkerfi nútímans að mörgu leyti. Hún er völd að einni stærstu vá sem vofir yfir samfélagi manna, þ.e. gróðurhúsaáhrifum og hlýnun jarðar. En er

neysluhyggja í eðli sínu fordæmanleg? Svo tel ég vera. Ég tel galla hennar fleiri en kostina. Þess vegna ætla ég mér að skoða þann skaða sem ég tel neysluhyggjuna valda út frá skrifum tveggja fræðimanna, Frakkans Jeans Baudrillards og Bandaríkjamannsins Thorsteins Veblens, og þeim samfélagsþáttum sem tengjast allri neyslu.

Ritgerðin skiptist í þrjú hluta. Fyrst verðum við að komast að þeim grunni sem neysluhyggja nútímans byggir á til þess að geta komist að siðferðilegri stöðu hennar. Þess vegna mun ég skoða skrif fræðimannanna tveggja um neysluhyggju í fyrsta kaflanum, áður nefndra Veblens og Baudrillards. Ég mun skoða skrif Veblens í bók hans *The Theory of the Leisure Class*, sem kom út árið 1899, þar sem hann veltir vöngum yfir uppruna neysluhyggju sem hann taldi tröllríða samfélaginu. Þá mun ég einnig skoða 2. hluta bókar Baudrillards, *The Consumer Society*, sem kom út árið 1970, þar sem hann sýnir okkur hvernig samfélag manna einkennist af neyslu. Í öðrum hluta ritgerðarinnar mun ég rannsaka siðfræðilega stöðu neyslu. Þar ætla ég mér að ganga út frá skrifum Veblens og Baudrillards og skoða þann skaða sem neysla veldur umhverfinu og samfélagi manna. Í þriðja kaflanum mun ég svo reyna að þróa svar við græðgi mannkynsins út frá hugmyndum Sókratesar um að temja sér að lifa sem dauður væri.

1. hluti. Uppruni og rót neysluhyggjunnar.

a. Kenning Veblens.

Thorstein Veblen fæddist árið 1857 í Wisconsin í Bandaríkjunum og dó árið 1929 í Kaliforníu. Hann lagði stund á heimspeki í háskóla og útskrifaðist með doktorsgráðu árið 1884 frá Yale háskóla. *Theory of the Leisure Class* var hans fyrsta verk og kom út árið 1899 eins og áður segir. Bókin er hagfræðileg rannsókn sem gagnrýnir neysluhyggjuna í samtíma Veblens. Í henni rannsakar Veblen verkaskiptingu milli stétta og spyr hvers vegna efri stéttir samfélagsins stundi vinnu sem sé „tilgangslaus“ eða skili engu til hagkerfisins á meðan lægri stéttir stundi vinnu sem skili sér beint til hagkerfisins. Sjálfur segir hann tilgang verksins vera að „ræða gildi og hlutverk makindastéttarinnar [*leisure class*] í hagfræðilegu samhengi nútímans [þ.e. 19. aldar]“.¹ Þessa verkaskiptingu rekur hann til fornra samfélaga og þess sem hefur þótt virðingarvert í gegnum tíðina. Þannig rekur hann upphaf neysluhyggjunnar til samfélagsstöðu og stöðu heiðurs og eignarréttar í samfélögum fyrri tíma. Allt frá tímum Forngríkkja hefur það þótt virðingarvert að þurfa ekki að vinna. Ákveðin störf, sem ekki kröfðust líkamlegs erfiðis, voru talin æðri en önnur störf. Að vinna slíka vinnu krafðist þess hins vegar að einstaklingar væru efnaðir. Slík störf voru virðingarverð, en til þess að fá að vinna þau þurftu einstaklingar þá þegar að njóta virðingar í krafti auðæfa sinna. Með góðum efnahag eða miklum auði gátu auðugir einstaklingar fengið annað fólk til þess að vinna fyrir sig erfiðisstörf.

Í kenningu sinni um tilkomu makindastéttarinnar talar Veblen einnig um það hvernig eignarrétturinn hefur þróast. Hann skýrir upphaf neysluhyggjunnar með hugtakinu *eign*. Eign hefur alltaf verið til marks um heiður, til dæmis rændu víkingar og rupluðu og stærðu sig svo af þeim eignum sem þeir stálu. Þannig komust menn til virðingar í ýmsum fornum samfélögum. Samkvæmt Veblen er metingur hreyfiafl eignarréttar.² Menn sanna sig með glæsilegum hlutum sem þeir hafa eignast. Þannig er eign til marks um karakter, þ.e. hún segir til um hvort einstaklingar verðskulda virðingu eða ekki.³ Um leið og mönnum tekst ekki að

¹ Veblen, Thorstein, *The Theory of the Leisure Class: an Economic study of institutions*, (New York: Random House, 1934), vii.i.

² Veblen, *The Theory of the Leisure Class*, 25.

³ Veblen, *The Theory of the Leisure Class*, 29.

sanna verðleika sína með því að sýna auð sinn falla þeir í álit hjá öðrum. Veblen segir þá einnig falla í álit hjá sjálfum sér.⁴ Eign er því nátengd virðingu og sem slíkur mælikvarði veldur hún því að einstaklingar vilja sífellt eignast meira. Um leið og menn hafa náð ákveðinni stöðu vilja þeir ná hærra, eignast meira vegna þess að virðingin eykst í réttu hlutfalli við eignir og ríkidæmi.⁵ „Tilhneigingin til þess að afreka og andstyggðin á árangursleysi eru hin undirliggjandi hreyfiöfl hagkerfisins.“⁶ Engu að síður er ekki nóg að eiga mikið, heldur verður einstaklingur að vera fær um að sýna fram á ríkidæmi sitt: „Til þess að öðlast gott álit manna er ekki nóg að vera ríkur eða valdamikill. Færa verður sönnur á ríkidæmið.“⁷ Einstaklingur sannar ríkidæmi sitt með því að lifa hátt og í lúxus. Hann sannar það einnig með því að eyða peningum en líka tíma sínum, til dæmis í nám eða íþróttir.⁸ Fyrst um sinn var eign til marks um góða stöðu einstaklings. Málin hafa hins vegar þróast þannig að eyðsla, eða nánar tiltekið það sem Veblen kallar *áberandi neyslu*, er til marks um stöðu. Áberandi neysla felst í því að sýna fram á stöðu sína í gegnum neyslu, peningum er eytt í lúxusvörur svo allir sjái að staða einstaklings er góð. Einstaklingur sem lifir makindalífi sýnir þannig fram á að hann hefur efni á slíkum lífsstíl.

Veblen tekur þó einnig með í reikninginn eyðslu á tíma sem hluta af áberandi neyslu við ákveðin skilyrði. Tímaeyðslan verður að vera ákveðin tegund af eyðslu, jafnvel tilgangslaus, og sýna fram á að viðkomandi einstaklingur hafi nægan tíma aflögu þar sem hann þarf ekki að vinna fyrir sínum launum, að minnsta kosti ekki í sama skilningi og almennt verkafólk. Kurteisisvenjur eru gott dæmi um allan þann tíma sem einstaklingur hefur eytt í annað en líkamlega vinnu og gegnir því þeim tilgangi að vera merki um góða veraldlega stöðu hans. Önnur slík tímaeyðsla er alls konar nám og önnur „tilgangslaus“ afþreying, sem er tilgangslaus að því leyti að hún framleiðir ekkert efnislegt og er kannski fyrst og fremst til skemmtuna. Slík afþreying er hluti af lífsstíl makindastéttarinnar. Veblen segir að þótt þeir háttsettu sækist eftir óáþreifanlegum gæðum til þess að staðfesta stöðu sína séu það gæði sem

⁴ Veblen, *The Theory of the Leisure Class*, 30.

⁵ Veblen, *The Theory of the Leisure Class*, 31.

⁶ Veblen, *The Theory of the Leisure Class*, 33.

⁷ Veblen, *The Theory of the Leisure Class*, 36.

⁸ Íþróttir hafa í raun sérstaka stöðu. Þær eru líkamlegt erfiði en hafa lengi þótt virðingaverðar og íþróttamenn eru hylltir og verðlaunaðir. Íþróttir leiða hins vegar ekki til neins áþreifanlegs, nema þá stæltari líkama, og krefjast mikils tíma sem flestir þyrftu að eyða í vinnu. Því passa íþróttir vel inn í hugtak Veblens um áberandi neyslu þar sem þær sýna fram á tíma sem ekki þyrfti að eyða í vinnu.

hafi gildi og hafi einu sinni þótt eftirsóknarverð þeirra sjálfra vegna en svo sé ekki lengur. Sem dæmi um slík óáþreifanleg gæði mætti nefna þekkingu á útdauðum tungumálum. Slík þekking gegnir í raun og veru engum tilgangi og betrubætir ekki líf mannkynsins samkvæmt Veblen. Hann segir ólíklegt að slík tímaeyðsla hefði haldið áfram að tíðkast ef hún gegndi ekki öðrum tilgangi einnig, þ.e. að færa sönnur á góða stöðu einstaklingsins og sýna að tími hans sé varið til annars en líkamlegrar vinnu (þ.e. aðra en íþróttir).⁹ Eins og áður kom fram geta kurteisisvenjur einnig verið til marks um háa stöðu. Kurteisisvenjur þykja merki um gott uppeldi og Veblen bendir á að þeir sem eru hærra settir í virðingastiga samfélagsins búi frekar yfir þeim en einstaklingar í lægri stéttum. Þannig eru þær líka til marks um virðingarverða stöðu, fyrst og fremst vegna þess að það þarf að læra þær, verja tíma í að öðlast þær. Upphaflega höfðu kurteisisvenjur þann tilgang að staðsetja menn í fornum samfélögum. Framkoma fór eftir stöðu einstaklings, höfðingjum var heilsað öðruvísi en veiðimanninum. Veblen segir kurteisisvenjur nú á dögum vera eins konar kvittun (e. *voucher*) fyrir makindalífi.¹⁰

Veblen rekur einnig stöðu konunnar í gegnum söguna og gagnrýnir á áhugaverðan hátt þá stöðu sem hún hafði í samtíma hans. Lengi vel var hún eign mannsins og/eða vinnuþræll hans. Hún gat þannig þjónað því hlutverki að vera til sönnunar um stöðu hans sem falleg eign hans. Konur voru oft hluti af stríðsfeng og færðu þannig sönnur á karlmennsku og stöðu þeirra karla sem tóku þær með valdi. Konan var hluti af öðrum feng sem fenginn var með valdi.¹¹ Kona sem vinnur ekki utan heimilis er til marks um góða stöðu karlmannsins. Ef hann þénar nóg til að hún þurfi ekki að vinna verður hún að eins konar tákni um stöðu hans. Þótt karlmaðurinn geti ekki lifað lífi makindastéttarinnar bætir hann upp fyrir það með því að eiga nóg til þess að hann einn þurfi að vinna fyrir fjölskyldunni. Í rauninni er það eiginkonan sem sýnir fram á stöðu fjölskyldunnar hjá lægri stéttum. „Eiginkonan [...] hefur orðið að táknfræðilegum neytanda þess varnings sem eiginmaðurinn framleiðir.“¹² Hún neytir fyrir hönd fjölskyldunnar. Líf hennar er enn sem fyrr skilgreint út frá lífi eiginmannsins, þ.e. hún er enn táknmynd góðrar stöðu karlmannsins, hann nýtir sér hana til þess að staðfesta virðingaverða stöðu sína. Hún hefur, að því virðist, alltaf verið talin ákveðið stöðutákn, áður

⁹ Veblen, *The Theory of the Leisure Class*, 45.

¹⁰ Veblen, *The Theory of the Leisure Class*, 47-48.

¹¹ Veblen, *The Theory of the Leisure Class*, 81-82

¹² Veblen, *The Theory of the Leisure Class*, 83.

fyrir sem hluti af feng og þar með bein sönnun á auðæfum karlmanns, nú sem táknfræðilegur neytandi fyrir hönd karlmannsins. Því er hugmyndin um *bikarbrúði* (e. trophy wife) augljóslega ekki ný. Enn í dag geta konur gegnt því hlutverki að sýna fram á góða stöðu karlmanns, t.d. má vísa til Hugh Hefners og Playboy-setursins. Þar safnar Hefner um sig fallegum konum sem hann styrkir (í það minnsta með því að veita þeim húsaskjól, fæði og klæði). Þær eru sannkallaðar bikarbrúðir (þótt hann sé ekki giftur þeim) enda má segja að helsti tilgangur þeirra sé í raun að sýna fram á hversu vel stæður Hefner er.

Áberandi neysla hefur þannig, að mati Veblens, sýnt sig og sannað sem árangursrík leið einstaklingsins til þess að sýna fram á ríkidæmi sitt. Til marks um mikið ríkidæmi og háa stöðu innan samfélagsins þarf einstaklingurinn því að flagga auði sínum, hvort heldur er með gjöfum, ferðalögum eða stórum og íburðarmiklum veislum þar sem öllu er tjaldað til eða öðru álíka. Neysla er mælikvarði á stöðu einstaklingsins innan samfélagsins, en há staða getur líka erfst. Í slíkum tilvikum geta einstaklingar sem hafa kannski ekki mikið á milli handanna en tilheyra í krafti ættar sinnar, sem tilheyrir efri stétt samfélagsins, neytt í gegnum aðra háttsetta menn. Með samvinnu tekst þá báðum að sýna fram á hversu háttsettir þeir eru innan raða samfélagsins. Sá efnaminni með því að lifa makindalegu lífi í gegnum góðvild og gjafir vinar síns og vinurinn með því að sýna fram á mikilfenglegt ríkidæmi sitt með gjöfum til annarra¹³, hann á svo mikið að hann getur ómögulega neytt þess alls einn.

Áberandi neysla einskorðast ekki við hástéttir. Lægri stéttir reyna að líkja eftir síðum þeirra hærra settu með neyslu, enda sjá þeir að það er merki um góða stöðu. Enda er það svo að mörkin milli stétta verða þokukennðari og því reyna þær lægri að líkja eftir þeim hærri á meðan þær hærri reyna að aðgreina sig frá þeim lægra settu.¹⁴ Það má því til sanns vegar færa að engin stétt er laus við að reyna að sýna fram á góða stöðu sína í gegnum áberandi neyslu. En það sem háttsettari einstaklingar hafa fram yfir þá lægra settu er að þeir geta einnig sannað stöðu sína með *sóun á tíma* (til dæmis með því að stunda nám í fræðum sem Veblen telur tilgangslaus). Þá gegnir neyslan og vörurnar sem keyptar eru ekki endilega hagnýtum tilgangi heldur eiga þær fyrst og fremst að sýna fram á ríkidæmi einstaklingsins og það að hann *geti*

¹³ Veblen, *The Theory of the Leisure Class*, 76-77.

¹⁴ Veblen, *The Theory of the Leisure Class*, 86.

keypt sér svo fína neysluvöru. Þrátt fyrir það má efast um að það sé það sem neytandinn hugsar um þegar hann kaupir vöruna.

Greining Veblens á áberandi neyslu á vel við í dag. Þótt stéttaskipting sé ekki jafn áberandi í dag og á 19. öld (a.m.k. ekki á Íslandi) má sjá augljósan mun á neyslu eftir efnahagslegri stöðu. Þetta á sérstaklega ef við lítum til landa eins og Bandaríkjanna. Neysla á lúxusvörum og dýrum varningi þykir eftirsóknarverð og til merkis um háa stöðu eða ríkidæmi. Margar vörur gegna ábyggilega helst þeim tilgangi að sýna fram á að eigandinn hafi efni á slíkri vöru. Ef mann vantar að vita hvað klukkan er skiptir í raun engu máli hvort hann á rándýrt Rolex-úr eða eitthvað mun ódýrara sem virkar jafn vel. Ef hann, hvort sem það er ómeðvitað eða ekki, langar hins vegar til þess að allir viti að hann hafi efni á því að kaupa sér Rolex-úr mundi ódýrt úr sem gengur vel ekki gegna sama tilgangi. Það sama má eflaust segja um margar bílategundir, fatnað eða tækjabúnað, til dæmis eru bílaframleiðendurnir Porsche og Mercedes Benz vel þekktir fyrir að framleiða eingöngu lúxusbíla sem búa yfir alls konar óþörfum eiginleikum eins og að komast upp í 100 km/klst á nokkrum sekúndum, sem enginn nema kappaksturskarlar/-konur hafa þörf fyrir (og þau keppa almennt ekki á Benz eða Porsche-lúxusbílum).

Áberandi neysla er áreiðanlega mun algengari en við gerum okkur grein fyrir. Okkur vantar kannski eitthvað, eins og nýja tölvu sem vissulega gegnir ákveðnum og jafnvel mikilvægum tilgangi. Hins vegar tel ég erfitt að svara því hvers vegna svo margir kjósa að kaupa sér Macbook Pro í stað annarrar mun ódýrari tölvu sem reynist álíka vel. Flestir reyna þó að réttlæta kaupin á ýmsa vegu og benda þá til dæmis á að Apple-vörur séu betri en aðrar sambærilegar vörur, þeim finnist stýrikerfið þægilegra o.s.frv. Það má vel vera að svo sé en ekki má þó útiloka möguleikann á því að ein af ástæðum kaupanna sé sú að slík tölva er ákveðið stöðutákn og mætti því flokka kaupin sem áberandi neyslu.

b. Kenning Baudrillard.

Beinum nú sjónum okkar að heimspekingnum Jean Baudrillard sem, eins og Veblen, skrifar um neyslu og gagnrýnir samtíma sinn á pólitískan hátt. Baudrillard var franskur fræðimaður, fæddist árið 1929 og lést árið 2007. Hann lærði þýsku og félagsfræði við Parísarháskóla. *The*

Consumer Society er önnur bók hans og var hann undir miklum áhrifum af marxisma og táknfræðikenningum við skrifin.

Margt er sameiginlegt með skrifum Baudrillard og Veblens. Baudrillard hefur vafalaust verið undir áhrifum frá Veblen – hann nefnir hann nokkrum sinnum í bók sinni – og þá sérstaklega af skrifum hans um áberandi neyslu.

Baudrillard segir að neysluhyggjuna megi rekja til leitar manna að hamingju. Í raun hafi skilgreining hamingjunnar breyst samhliða breyttu neyslumynstri.¹⁵ Þetta segir Baudrillard hafa gerst vegna þeirrar ranghugmyndar að auknum hagvexti fylgi meiri jöfnuður og að meiri jöfnuði fylgi hamingja. En eðli sínu samkvæmt verði sú hamingja sem kemur í kjölfar jöfnuðar að vera mæld í áþreifanlegri velferð. Sú hamingja sem raunverulega skipti máli er hins vegar ekki mælanleg á þann hátt. Núorðið bendir meira dót til meiri hamingju. Hagkerfið vex og vex, neysla eykst og eykst og því hljótum við að vera jöfn og þar með hamingjusöm. Baudrillard neitar þessu, segir þetta rangt í eðli sínu, enda bendi ekkert til þes að hagvöxtur leiði til betra samfélags eða meiri jöfnuðar.¹⁶ Að sama skapi sé ekki hægt að mæla hamingju með ytri gæðum þar sem hún býr innra með mannum og er ekki háð hlutum til þess að vera til staðar.

Afleiðingar þessarar hugmyndar um hamingju eru svo brengluð sýn á lýðræði og jafnrétti vegna þess að lýðræði hættir að tákna jafnan rétt fólks til tækifæra, almennra lífsgæða og hamingju og tekur að tákna jafnan rétt fólks til neyslu.¹⁷ En það er ekki raunverulegt lýðræði, fólk er blekktil að trúa því að það lifi í raunverulegu lýðræði vegna þess að við séum öll jöfn þegar kemur að þörfum okkar og því að fullnægja þessum þörfum. Jafnrétti er því túlkað sem jafnrétti frammi fyrir hlutum.¹⁸ En jafnréttið nær eingöngu til notagildisins, ekki til verðlags, enda þurfum við öll að borga sama verðið fyrir hlutinn þrátt fyrir misgóða efnahagsstöðu.¹⁹ Þjóðríki blekkja þegna sína til þess að halda að allir séu jafnir, enda sé aðgengi allra að vörum jafn gott.

¹⁵ Baudrillard, Jean, *The Consumer Society* (London: Sage Publications, 1998), 49.

¹⁶ Baudrillard, *The Consumer Society*, 53.

¹⁷ Baudrillard, *The Consumer Society*, 50.

¹⁸ Baudrillard, *The Consumer Society*, 50.

¹⁹ Baudrillard, *The Consumer Society*, 50.

Gagnrýni Baudrillard er pólitísk í eðli sínu, hann sér neysluhyggju sem ódýra hugmyndafræði sem þjóni þeim tilgangi að draga athygli fólks frá raunverulegu ójafnrétti í samfélaginu. Neysla er ekki til marks um þarfir, enda skapar kerfið þarfirnar samkvæmt Baudrillard. Við stöndum kannski í þeirri trú að við höfum áhrif á framboð og eftirspurn, framboðið fari eftir eftirspurn samfélagsins eftir ákveðnum hlutum, en í rauninni er það svo að framboðið skapar eftirspurnina. Kerfið segir okkur ekki að kaupa í sífellu meira heldur líka hvað við eigum að kaupa. Við fögnum valkostum í neyslunni og teljum þá til marks um frelsi einstaklingsins en í raun erum við ófrjáls og þrælur neyslu okkar. Það sem við teljum til þarfa okkar er það sem kerfið hefur sagt okkur að við þurfum. Við höldum að með neyslunni séum við að finna okkar „raunverulega sjálf“, finna leið til þess að aðgreina okkur frá öðrum en við sjáum ekki rökwilluna sem felst í þeirri hugmynd. Með neyslunni erum við í raun og veru að skilgreina okkur sem hluta af ákveðnum hópi, enginn er einn eða einstakur í neyslu sinni. Neysla okkar fer eftir stétt og er skilyrt á margan hátt. Svo virðist einnig sem við séum blind á það að neysla okkar er síður en svo einstaklingsbundin, við sjáum auglýsingar sem okkur finnst höfða beint til okkar, sýna okkur sem einstaklinga, án þess að átta okkur á því að þessum auglýsingum er beint til fjölda fólks eða vörur markaðssettar með ákveðinn hóp í huga. Þegar við skilgreinum okkur með vöruvali okkar má segja að við missum einstaklingseðli okkar. Engin vara er markaðsett beint fyrir *þig* (eins og sumar auglýsingar gefa til kynna, þar á meðal Maxfactor: „Get your glamour statement everyday“, Maybelline: „Flawless that lets the real you come through“ og Express vefverslunin: „Standout silhouettes and „hello summer“ bright whites will leave you rocking the sidewalk in get-noticed style“). Henni er ætlað að höfða til hóps af fólki og með því að halda að hún eigi svo vel við þig og sýni fram á hversu einstakur þú sért ertu að loka augunum fyrir því að stór hópur af fólki hugsar nákvæmlega það sama. Baudrillard bendir á að neysla sé ekki bundin við einstaklinginn, við neytum í hóp. „Neysla er virk, felst í samvinnu: hún er knúin fram, hún er tiltekið siðferði, hún er stofnun.“²⁰ Þannig er neysla samfélagsleg hegðun, vöruval okkar segir til um gildi okkar og raðar okkur í mismunandi hóp. Þess vegna er hæpið að neysluval okkar geti gefið til kynna einstaka persónu okkar. Baudrillard kynnir einnig til sögunnar hugtakið um *táknigildi vara*, sem má líkja við hugtak Veblens um áberandi neyslu. Samkvæmt Baudrillard hafa vörur ekki bara notagildi heldur einnig táknigildi sem gegnir

²⁰ Baudrillard, *The Consumer Society*, 81.

þeim tilgangi að staðsetja okkur í samfélagi manna. Táknildi vara er þá einnig stór hluti af ímynd þeirra, þú ert ekki bara að kaupa notagildið heldur líka táknildið. Neysla er þá eins konar tungumál samfélaga og leið til þess að raða einstaklingum í tiltekna hópa eftir stöðu eða einkennum.

Ef við berum saman hugmyndir Veblens og Baudrillard má sjá að þeir eiga ýmislegt sameiginlegt. Baudrillard lítur þó pólitískari augum á neysluhyggjuna en Veblen. Samkvæmt Baudrillard gegnir neysluhyggja helst þeim tilgangi að draga athygli fjöldans frá raunverulegum vandamálum. Þetta má til dæmis sjá á því að það er ekki fjöldinn sem skapar eftirspurnina og þar með framboðið heldur skapar framboðið eftirspurnina.

Við getum hins vegar tengt gagnrýni þeirra félaga á margan hátt eins og áður sagði. Hugmyndir Baudrillard um táknildi vara má tengja við við hugmyndir Veblens um áberandi neyslu. Þessar hugmyndir sýna báðar hvernig neysla okkar staðsetur okkur í samfélaginu og gegnir því hlutverki að vera tákn um stöðu okkar. Neysla, í sinni núverandi mynd, er lærð hegðun. Við fæðumst ekki með knýjandi þörf fyrir að kaupa lúxusvörur, við lærum að langa í slíkar vörur því að við sjáum að þannig gera aðrir og hljóta verðlaun fyrir (í formi virðingar). Neysla hefur þróast út frá gildishlaðinni stöðu eignarréttar í gegnum tíðina og yfir í að vera mælikvarði á gildi manneskjunar. Fyrstu dómar okkar um nýja manneskju í okkar lífi eru oft út frá sýnilegustu merkjunum um neyslu hennar eins og klæðaburði hennar. Þannig sjáum við nokkurn veginn það fé sem hún hefur á milli handanna og getum giskað á hvers konar lífsstíl hún kys sér. Út frá neyslu manneskju leggjum við dóma á hana. Neysla er þannig gildishlaðin en gildi hennar virðist byggjast á röngum forsendum. Meiri neysla er talin til marks um betra samfélag, fólk neytir meira þegar það á meira fé og því hljótum við að búa í besta hugsanlega samfélagi. Hagvöxtur er hylltur þar sem hann er merki um að fólk eyði meiru og ef það eyðir meira hlýtur það að vera betur statt. Þessu neitar Baudrillard. Hann segir líka að í þessari rökvillu felist önnur verri villa sem sé sú að telja að því betur stætt sem fólk er þeim mun betra eða meira sé lýðræðið sem það býr við.²¹ En eins og áður kom fram hefur skilgreining lýðræðis breyst og táknar ekki lengur eitthvað sem er mannkyninu og einstaklingum raunverulega gagnlegt.

²¹ Baudrillard, *The Consumer Society*, 51.

Baudrillard bendir okkur líka á aðra hlið þess sem gerist þegar hagvöxtur eykst. Með hagvexti göngum við á náttúruauðlindir en sköpum einnig ný viðskiptatækifæri. Sem dæmi má nefna að framleiðsla drykkjarvatns á flöskum blómstrar beinlínis vegna þess að gæði vatns sem kemur úr krönum heimila á stórborgarsvæðum eru mjög léleg (þó erum við á Íslandi mjög heppin með vatsngæði). Baudrillard spyr hvort réttlætanlegt sé að telja vöxt slíkra viðskipta með þegar hagvöxtur þjóðar er reiknaður út því að hann sé afleiðing af galla þessa sama hagvaxtar.²² Sömuleiðis veldur þessi hagvöxtur því að fleiri og fleiri fyrirbæri sem þóttu eitt sinn sjálfsögð verða að munaðarvöru eða varningi. Þar á meðal hreint loft, rými og óspillt náttúra.²³ Þannig séu þessi gæði orðin að varningi og hafi verið markaðsvædd.

²² Baudrillard, *The Consumer Society*, 39.

²³ Baudrillard, *The Consumer Society*, 39-40.

2. hluti. Siðfræði neysluhyggjunnar.

a. Í hverju felst gagnrýnin?

Hvorki Baudrillard né Veblen tala beint um siðleysi neysluhyggjunnar heldur beina þeir sjónum sínum að samfélaginu og einstaklingum innan þess. Neysla er ákveðin hjarðhegðun og fylgir því að tilheyra samfélagi. Báðir komast þeir að þeirri niðurstöðu að neysla hafi fundið sér annan farveg í samfélagi manna en sinn upphaflega, þ.e. að fullnægja grunnþörfum mannsins. Nálgun þeirra beggja er hins vegar gagnrýnin og virðast þeir báðir vera að segja að samfélagið hafi tekið ranga beygju. Baudrillard vill meina að neysla sé eitt af tólum samfélagsins til þess að beina augum almennings frá vandamálum hans. Mantran hljómar svo: „Þar sem neysla okkar er svona mikil hljótum við að vera ansi vel stödd.“ Þannig getum við horft fram hjá vanda fátækra sem og öðrum samfélagslegum vanda vegna þess að neysla okkar sannfærir okkur um að allt sé gott í samfélaginu og styrkir okkur í þeirri trú að á bakvið allt standi góð og lýðræðisleg öfl. Því hagvöxturinn bendir til þess að fólk lifi við allsnægtir sem að sama skapi bendir til þess að lýðræðið virki vel.²⁴

Þess vegna verðum við að spyrja okkur hvers vegna neysla okkar sé slæm og hvort við getum réttlætt hana í ljósi þeirra forsendna sem hún byggir á sem og þeirri blekkingu sem hún er. Sumar ástæður þess að neysla er ósiðleg eru augljósar, eins og það að neysla ýtir undir gróðurhúsaáhrifin og viðheldur að einhverju leyti ósanngjörnu kerfi nútímans þar sem áherslan er á að gera hina ríku ríkari. Aðrar ástæður eru ekki jafn augljósar en það eru til dæmis þær sem Baudrillard og Veblen benda okkur á. Þeir sýna okkur fram á hvers vegna við neytum eins og við gerum og draga fram ástæðurnar fyrir því að neysla okkar hefur breyst. Veblen sér upphafið í fornum samfélögum þar sem eign var til marks um afrek eða sigra en Baudrillard sér fyrir sér pólitískar ástæður, neysla okkar sé ekki sjálfvalin heldur lærð hegðun til þess fallin að halda almenningi ánægðum og ómeðvituðum um raunverulegt ástand heimsins. Því varpa kenningar þeirra ljósi á það frelsi sem við búum *ekki* við í neyslu okkar. Neysluhyggjan sér til þess að við höldumst sem þrælur kerfisins (þótt það geti verið full djúpt í árina tekið). Framboðið endurspeglar ekki þarfir okkar og notagildi endurspeglar ekki neysluval okkar sem sýnir að aðrar ástæður liggja að baki neysluvali okkar. Kjarni málsins er

²⁴ Baudrillard, *The Consumer Society*, 51.

sá að við erum að blekkja okkur sjálf og aðra með neyslu okkar. Sömuleiðis dregur kerfið athygli okkar frá raunverulegum vandamálum okkar. Hér eru það þó varla einstaka pólitíkusar sem eru ábyrgir heldur frekar samfélagið í heild eða alþjóðafyrirtæki sem hafa hagsmuni af því að hagvöxtur aukist stöðugt. Þá er erfitt fyrir okkur að draga okkur út úr þessum samskiptamáta nútímans vegna þess að þá höfum við að einhverju leyti fjarlægð okkur frá samfélagi manna. Það gerir það einnig að verkum að við eigum erfiðara með að sjá forsendur neyslu okkar og auðveldara með að loka augunum fyrir þeim skaða sem hún veldur.

Neysla snýst í grunninn ekki aðeins um notagildi vörunnar heldur tákngildi hennar, þannig berum við kennsl á okkur sjálf í gegnum hlutina sem við neytum. Neysla, má því segja, snýst um yfirborðskenndar hvatir mannsins til að staðsetja sig í samfélagi manna sem setur hagvöxtinn á stall. Þess vegna er góð staða ekki sjálfkrafa merki um raunverulega virðingarverða persónu, þ.e. einhvern sem hefur mikla mannkosti heldur merki um góðan efnahag og þá virðingu sem honum fylgir. Þannig hefur neysla einnig endurskilgreint virðingu. Í samfélagi þar sem hagvöxtur er í sífellu hylltur hljótum við að neyta í þeirri trú að við séum að gera gott. Kannski réttlætum við neysluna með því að segja hana byggjast á einstaklingsfrelsi. Ef við brjótum þetta enn frekar niður erum við í raun að finna eðli okkar út frá hlutunum sem við eigum og þar með að telja okkur trú um að við séum það sem við kaupum. Hverju því samfélagi sem við tilheyrum einkennist öll okkar neysla af því hvar við erum staðsett í því sama samfélagi. Samfélagið segir okkur hvernig og hvers við eigum að neyta í samræmi við stöðu okkar. Þar með skilyrðir það þá mynd sem við byggjum upp af sjálfum okkur og öðrum, þar sem neysla okkar hefur svo mikið með persónu okkar að gera. Neysla er eins konar tungumál, samkvæmt Baudrillard. Það flokkar okkur og hjálpar okkur að skilja náungann. Hins vegar virðist svo vera að þeir sem kjósa að neyta ekki á þann hátt sem flestir neyta, eða eru lítt undirseldir neysluhyggjunni, séu þar með útilokaðir frá ákveðnum hlutum samfélagsins. Svo virðist sem neysla sé skylda. Ekki bara skylda sem samfélagið leggur á herðar okkur heldur skylda sem við leggjum á hvert annað. Baudrillard segir okkur það að neysla sé félagsleg hegðun og krefst annarra til þess að hafa merkingu. Ef neysla snýst um áberandi neyslu eða vörur seljast vegna tákngildis krefst það þess að aðrir viti af og viðurkenni neyslu okkar. Einnig heldur hann því fram að það hafi orðið ákveðin gjaldfelling á hugtökum eins og *gildi* og *þörfum* þar sem neyslusamfélagið hefur endurskapað

Þessi orð og gefið þeim aðra merkingu sér í hag. Enda snýst gildi hluta um tákngildi þeirra, og þarfir hafa lítið að gera með framboð varnings. Því erum við að kenna einstaklingum gildi sem tengjast neyslu og að það sem skipti mestu máli fáiist í gegnum neyslu.

b. Hverju má mæta við gagnrýni þeirra?

Fleiri rök eru hins vegar með því að neysla okkar sé ósiðleg en þau sem Baudrillard og Veblen færa okkur. Með neyslu okkar styðjum við að mörgu leyti við mannréttindabrot annars vegar og bregðumst skyldum okkar gagnvart umhverfinu hins vegar. Í raun má skipta þeim skyldum, tengdum neyslu, sem við höfum í tvennt: Skyldur gagnvart öðrum mönnum og skyldur okkar gagnvart umhverfinu. Tel ég að neysla brjóti gegn báðum þessum skyldum og ekki sé hægt að réttlæta hana með því að vísa í það að hagkerfið (sem styðji við líf milljóna) þarfnist hennar til þess að blómstra. Vegna þess að við höfum ekki einungis slæm áhrif á einstaklinga í gegnum þau gildi sem neysluhyggja kennir þeim, heldur erum við líka að viðhalda ýmiss konar eynd og volæði með neyslu okkar.

Við kjósum að líta fram hjá þeim sársauka sem við rennum stoðum undir með því að kaupa vörur sem (mögulega) hafa verið framleiddar af fólki í neyð. Tökum sem dæmi aðstæður verkafólks við fataiðnaðinn í Bangladesh. Í Bangladesh eru afurðir fataiðnaðar um 80% af heildarútflutningi þjóðarinnar. Þá eru 85% verkafólksins konur sem vinna fyrir rétt rúmlega lánmarkslaunum (um 5.000 kr. á mánuði). Vinnustundirnar eru oft 14–16 tímar á sólahring, réttindi eru nánast engin og vinnuskilyrði hræðileg,²⁵ samanber hrun og bruni verksmiðja þar sem þúsundir hafa látið lífið.²⁶ Yfirvöld í Bangladesh standa því augljóslega ekki vörð um réttindi verkafólks í landinu og fyrirtæki sem færa framleiðslu sína þangað styðja þar með þau mannréttindabrot, eða að minnsta kosti þá siðlausu hegðun sem ríkisstjórn Bangladesh gerir sig seka um. Sömuleiðis styðjum við, með því að kaupa vörur frá þessum sömu fyrirtækjum, einnig slæma meðferð á verkafólki í fátækari hlutum heimsins.

²⁵„Sweatshops in Bangladesh,“ vefsíða samtakanna *War on Want*, (<http://www.waronwant.org/sweatshops-bangladesh/>).

²⁶„Bangladesh collapse: Death toll passes 1,000 as stacks of bodies found,“ vefsíða fréttaritsins *The Journal*. (<http://www.thejournal.ie/bangladesh-building-collapse-death-toll-903024-May2013/>).

Það er stórum fyrirtækjum í hag að flytja framleiðslu sína til landa þar sem vinnuafli er ódýrt og lítið er af umhverfishöftum og reglum um réttindi verkafólks. Þá geta fyrirtæki selt vörur sínar á lægra verði og þar með selt meira. Flestur sá varningur sem við neytum í ríkari löndum heims er nokkuð ódýr og framleiddur í öðrum heimshlutum. Þau skilyrði sem hann er framleiddur við eru sjaldnast góð og oft ekki mannsæmandi, eins og sést á dæminu um vinnufólk í Bangladesh. Þetta veit nánast hver einasti neytandi en kýs að líta fram hjá því. Við vitum vel að við stefnum jörðinni í hættu og að líklega hafi fatnaður okkar og aðrar vörur verið framleiddar við slæmar eða siðferðilega vafasamar aðstæður. En vegna þess að við þurfum ekki að horfast í augu við afleiðingar neyslu okkar, nema þá í formi stakra fréttagreina eða mynda á Facebook, komumst við upp með það að neyta áfram eins og okkur sýnist án þess að þurfa að horfast í augu við slæma samvisku okkar.

Við gætum haldið því fram að þær skyldur sem við höfum gagnvart umhverfinu séu einungis óbeinar því þær varði fyrst og fremst skyldur okkar við komandi kynslóðir. Við verðum að skila jörðinni í því ásigkomulagi sem við fengum hana, næstu kynslóðir eiga ekki að þurfa að gjalda fyrir neysluæði nútímans (og fortíðarinnar). Réttlætingin er sú að með neyslu nýtum við auðlindir jarðarinnar, aukum gildi þeirra, og að þessar auðlindir hafi ekkert gildi ónýttar heldur öðlist þær fyrst gildi þegar við vinnum úr þeim. En auðlindirnar eru ekki ótakmarkaðar og við göngum hratt á þær. Hugsanlega mun jörðin lifa af misnotkun okkar en ekki er víst að við munum gera það. Með gróðurhúsaáhrifum og hlýnun jarðar munu hamfarir vegna veðurs aukast, sjávaryfirborð hækka og milljónir manna missa heimili sín og deyja. Við mannkynið erum eins og sníkjudýr á þessari plánetu, við fjölgum okkur og nýtum allt upp til agna sem við þurfum til að viðhalda vexti okkar en munum svo deyja út þegar ekkert er eftir fyrir okkur. Neysluhyggja okkar er því í rauninni hættulegust okkur sjálfum. Við höfum ekki eingöngu slæm áhrif á einstaklingseðli mannsins heldur erum við að eyðileggja allt það sem við nauðsynlega þurfum til að geta lifað áfram á þessari plánetu sem hýsir okkur. Jörðin mun ekki hverfa þótt maðurinn deyi út eða loftslagið breytist.

Neysla sem tannhjól í vél hagkerfisins hefur líka slæm áhrif. Hagkerfið virðist byggjast á því að hagvöxtur sé sífellt meiri og meiri og okkur er talin trú um að með hagvextinum hafi jöfnuður aukist. Það er hins vegar ekki samasemmerki milli hagvaxtar eða aukningar á vergri landsframleiðslu og auknum lífsgæðum allra. Í því sambandi má benda á skrif Thomasar Pikettys um kapítalisma en í bók sinni *Capital in the 21st Century* setur hann

fram þá kenningu að þegar ávöxtun fés er meiri en hagvöxtur valdi það aukinni misskiptingu auðs og afleiðingar þess séu félagslegt og efnahagslegt ójafnrétti. Þetta samræmist líka orðum Baudrillard's um hagvöxt og veldur því að við neyðumst til þess að efast um þá hagvaxtarstefnu sem fylgt er á Vesturlöndum og víðar.

Í Bandaríkjunum hafa félagsleg gæði ekki aukist samfara auknum hagvexti. Til að mynda var ungbarnadauði meðal svartra í Bandaríkjunum einungis örlítið minni en ungbarnadauði á Sri Lanka árið 1993, þar sem hagvöxtur hefur ekki verið nándar nærri jafn mikill og í Bandaríkjunum, (17,6 af hverjum 1000 fæddum börnum meðal svartra í Bandaríkjunum, 19 af hverjum 1000 fæddum börnum á Sri Lanka).²⁷ Þetta gefur vísbendingu um að hagvöxtur sé ekki endilega líklegastur til að auka lífsgæði hvort sem þau eru félagsleg eða annars konar.

Nú er ljóst að milljónir manna byggja lífsviðurværi sitt á sölu, framleiðslu, innflutningi og útflutningi á ýmsum varningi. Af því leiðir að ef við mundum komast að þeirri niðurstöðu að neysla væri siðlaus væri hægara sagt en gert að minnka hana. Hagkerfið færi á hliðina og milljónir manna mundu missa lífsviðurværi sitt. Sem dæmi mætti taka afleiðingar þess ef allir í heiminum, eða sjö milljarðar manna, mundu gerast grænmetisætur. Í fyrsta lagi mundi mengun af mannavöldum minnka um 14,4%, sem er samanlögð mengun kjötiðnaðarins, stórlega drægi sem sagt úr gróðurhúsaáhrifum. Einnig mundi landeyðing minnka, þeirrar sem er framundan a.m.k (það ræktarland sem færi í framleiðslu á fæði fyrir dýr). Ekki er nóg með það heldur mundi sýklalyfjaónæmi minnka töluvert, vegna sýklalyfja sem dælt er í verksmiðjuframleitt kjöt. Hins vegar mundu störf u.þ.b. 1,3 milljarða manna hverfa, þar af störf 987 milljóna manna í fátækari hlutum heims.²⁸ Þótt vissulega sé óraunhæft að ætlast til þess að allir hætti að borða kjöt má yfirfæra mikið af þessum upplýsingum yfir á annan iðnað, kosti þess og galla að leggja hann niður. Því verðum við að spyrja okkur hvort gallarnir vegi þyngra en kostirnir.

Svo virðist aftur á móti sem hið kapítalíska hagkerfi sé byggt á gildum sem leiða til ósjálfbærni og óréttlætis. Það gerir örfáa sífellt ríkari á kostnað meiri hluta mannkyns sem að

²⁷ Cobb Jr., John B., „Toward a Just and Sustainable Economic Order“, *Environmental Ethics: An Anthology*. Ritstj. Andrew Light og Holmes Rolston III (Malden, Blackwell Publishing, 2002), 365.

²⁸ „What if the whole world suddenly went vegetarian“, vefsíða *Science Alert*, (<http://www.sciencealert.com/what-if-the-whole-world-suddenly-went-vegetarian>).

sama skapi verður sífellt fátækari. Það flytur auðæfi frá fátækari löndum til ríkari og eyðir auðlindum þeirra.²⁹ Vald hefur flust úr höndum þjóða til alþjóðlegra fyrirtækja.³⁰ Því er spurningin ekki svo svört og hvít.

Hagvöxtur kostar sitt og ljóst er að áhrifin mörg hver eru ekki afturkræf eins og til dæmis eyðing skóga jarðarinnar er til marks um. Timbur er auðlind sem auðvelt er að selja á alþjóðlegum markaði, en eyðing skóga á stórum skala leiðir til slæmra afleiðinga fyrir jörðina og lífið á henni. Eyðing skóga leiðir til veðrunar eða rofs á jarðveginum sem gerir það erfitt eða ómögulegt að planta trjám í stað þeirra sem voru höggvin. Þetta leiðir til eyðingar á landi, vistkerfi skóganna hverfa og dýrategundir deyja út. Sömuleiðis gerir þetta þá sem starfa eða störfuðu í timburiðnaði atvinnulausa. Þetta er vandamál sem hefði mátt koma í veg fyrir en þeir sem voru við völd lokuðu augunum fyrir afleiðingunum.³¹ Lausnin á þessum vandamálum er hins vegar sögð vera aukinn hagvöxtur. Hann gerir það að verkum að fleiri þjóðir hafi efni á því að vernda landið sitt enda eru það ríkar þjóðir sem hafa hingað til getað varðveitt landið sitt. Þá muni hagvöxtur leiða til þess að að lokum hafi allar þjóðir efni á því að vernda landsvæði sitt.³²

Við hljótum þrátt fyrir þessi rök að sjá að meiri hagvöxtur hlýtur að krefjast aukinnar eyðingar skóga (sem og annarra auðlinda) og það er ekki eitthvað sem við ættum að vilja. Jafnvel þótt tækniþróun gæti bætt uppurnar auðlindir að ákveðnu marki verðum við búin að útrýma þúsundum dýrategunda og skemma gríðarmikið af landsvæði með sama áframhaldi. Nýlega var tilkynnt að meðalhitastig jarðarinnar hefði þegar hækkað um eina gráðu en miðað er við að tvær gráður séu mesta hækkunin sem við þolum ef við viljum getað lifað lífinu á þann hátt sem við gerum nú.³³ Þess vegna getum við ekki stefnt blindandi að auknum hagvexti sem á svo að lokum að laga allt. Sá hagvöxtur yrði mjög dýru verði keyptur því þegar við mundum ná þeim punkti í hagvexti sem ætti að vera nógur gæti það verið orðið of seint. Það er til dæmis ljóst að auka þarf kaupmátt og bæta þann aðbúnað sem stór hluti mannkyns býr við. Hins vegar er krafan sú að þeir ríkari auki auð sinn hlutfallslega jafn mikið og þeir fátæku. Við höfum eins og er efni á því að bæta líf fátækra töluvert ef við

²⁹ Cobb Jr. „Toward a Just and Sustainable Economic Order“, 359.

³⁰ Cobb Jr. „Toward a Just and Sustainable Economic Order“, 359-360.

³¹ Cobb Jr. „Toward a Just and Sustainable Economic Order“, 362.

³² Cobb Jr. „Toward a Just and Sustainable Economic Order“, 363.

³³ Svavar Hávarðsson, „Hálfnuð á leiðinni í mikinn vanda“, *Fréttablaðið*, 19. nóvember 2015, 8.

aukum hagvöxt fátækustu þjóðanna á kostnað þeirra ríku. Jörðin hefur aftur á móti ekki efni á því að þeir ríku verið í sama mæli ríkari. Nú þegar eru lifnaðarhættir Vesturlandabúa ósjálfbærir og ef við ætlum að veita meira fé í slíkan lífsstíl og nýta enn meira af auðlindum jarðar til þess að ná því takmarki verður ekki langt í það að ekkert verði eftir af jörðinni. Hins vegar er það líklega eina lausnin sem hinir ríku mun setta sig við.³⁴ Hér kostar áberandi neysla Vesturlandabúa okkur skildinginn.

Hið vestræna hagkerfi er í grunninn mjög óréttlátt. Fæst mundum við neita því að allir ættu rétt á því að lifa lífi sínu án þess að hafa stanslausar áhyggjur af því að deyja úr hungri. Við getum sammælt um það að allir eigi rétt á því að geta fullnægt sínum helstu þörfum og jafnvel eitthvað meira til. Hins vegar er hagkerfið ekki þannig byggt upp og gagnast helst í því að gera þá ríku ríkari. Þau lögmál sem stýra því byggjast á vaxandi óréttlæti, hagkerfið færir auð frá fátækari löndum til ríkra og eykur þar með gróða þeirra ríku á kostnað þeirra fátæku.³⁵ Þess vegna getur lausnin á vandamálum heimsins, fátækt jafnt sem umhverfisvánni, ekki falist í núverandi hagkerfi og þar með ber okkur ekki skylda til þess að halda því uppi.

³⁴ Cobb Jr. „Toward a Just and Sustainable Economic Order“, 364.

³⁵ Cobb Jr. „Toward a Just and Sustainable Economic Order“, 359.

3. hluti. Nægjusemi, „að lifa sem dauður væri“.

Í samræðunni *Fáidon* koma vinir Sókratesar saman í síðasta sinn til þess að kveðja hann áður en hann drekkur eitrið sem mun drepa hann. Úr verða samræður um lífið og dauðann og Sókrates færir rök fyrir ódauðleika sálarinnar og talar um það hvernig heimspekin göfgar sálina. Sókrates er langt í frá sorgmæddur yfir því að vera dauðadæmdur þar sem það sé í raun bara líkami hans sem deyi, sálin lifi áfram. Sókrates segir okkur að sannur heimspekingur eigi að hlakka til þess að deyja því í dauðanum muni hann öðlast hið sanna heimspekilega líf. Heimspekingurinn hefur einnig hingað til tamið sér að lifa sem dauður væri eða verið að æfa sig fyrir dauðann. Í heimspekinni hefur heimspekingurinn tamið sér að hunsu líkamlegar þarfir sínar (eins og löngun í kynlíf eða ánægju af mat og drykk) og þess vegna er hann vel undirbúinn fyrir það að sálin skilji við líkamann. Sömuleiðis veit heimspekingurinn það að skynfærin villa oft um fyrir manninum og því ætti hann að reyna eftir bestu getu að temja sér að líta fram hjá þeim eða hunsu þau á leið sinni að sannleikanum. Þekking er manninum aðgengilegust þegar skynfærin villa sem minnst (eða ekki lengur) um fyrir honum.³⁶ Framhaldslíf sálarinnar veltur á því lífi sem hún hefur lifað í líkamanum, því meira sem þú hlúir að sálinni, og þar af leiðandi minna um líkamann, þeim mun betur undirbýrðu sálina fyrir dauðann. Þess vegna áttu að temja þér að lifa sem dauður væri. Langanir líkamans eiga ekki að stjórna lífi þínu. Langanir sálarinnar eiga að stjórna því og langanir sálarinnar eru á sviði þekkingar og fræða, það er hið góða líf fyrir sálina. Líf sem lifað er fyrir heimspeki frelsar sálina frá líkamanum í lifanda lífi og gefur henni þar með hið besta hugsanlega líf. Það er vegna þess að líkaminn villir í sífellu um fyrir okkur með löngunum, þrá, hræðslu o.s.frv.³⁷ Sókrates hræðist ekki dauðann af þeirri ástæðu að hann telur sig í hópi þeirra góðu heimspekinga sem hafa undirbúið sig vel fyrir dauðann.

Þannig kemur líkaminn í veg fyrir það að sálin njóti sín til fulls þar sem hann villir fyrir okkur með löngunum og þörfum. Sálin er ódauðleg og þarfnast því einskis af þessu til þess að þroskast og njóta sín, en hins vegar þarfnast dauðlegur líkami okkar þess en kannski ekki í því magni eða formi sem líkamann langar. Því eigum við, ef við viljum njóta raunverulegrar ánægju, einungis að fullnægja grunnþörfum líkamans en læra að horfa fram

³⁶ Platón, *Síðustu dagar Sókratesar*, þýðandi Sigurður Nordal: Hið íslenska bókmenntafélag, 2006, 64d-65a.

³⁷ Platón, *Síðustu dagar Sókratesar*, 66c.

hjá þeim sem skipta ekki raunverulega máli á sálina sem er það sem skiptir raunverulega máli. Lúxusbílar og tíu mismunandi littala-kertastjappar gagnast sem sagt ekki við það að halda líkamanum á lífi eða gefa sálinni það líf sem hún þráir. Gera verður greinarmun á nauðsynjavörum og munaðarvörum þegar við ákveðum hvað er okkur nauðsynlegt og hvað ekki. Þægindi geta verið til staðar, ekki þarf að gerast hundingi til þess að geta lifað góðu lífi. Aðaláherslan á hins vegar að færast frá líkamanum yfir til sálarinnar eða frá þess líkamlega til þess andlega.

Hvort sem við göngumst við tilvist sálarinnar eða ekki má ýmislegt gagnlegt þiggja frá Sókratesi varðandi hið eftirsóknarverða líf. Við getum sagt að líkaminn og þarfir hans villi fyrir í leit okkar að hinu góða lífi sem teljast má andlegt. Þar með erum við búin að skipta lífinu í svið hins andlega og hins líkamlega. Neysla okkar telst hluti af sviði hins líkamlega. Samkvæmt Baudrillard stýrist neysla okkar af leit okkar að hamingju, en ekki raunverulegri andlegri hamingju heldur hamingju sem mæld er í þægindum. Því er neyslan fyrst og fremst á sviði hins líkamlega þar sem hún miðast að því að auka líkamleg þægindi okkar. Neysla getur hins vegar haft eins konar sýndar-andleg áhrif, markmiðið með henni getur virst miða að því að gera þig að betri manneskju. Eins og neysla í formi vara sem eru markaðsettar til styrktar einhverju góðu málefni (eins og nælur eða gloss til styrktar baráttunni gegn krabbameini). Þá líður þér betur með sjálfa þig og finnst þú hafa gert gott með kaupunum. Þér finnst þú jafnvel hafa nært sálina með góðgerðarkaupum. Hins vegar eru vörur ekki þess eðlis að það að kaupa þær geri mannskju betri vegna þess að karakter þinn breytist ekki svo lengi sem neysla þín byggist á fölskum forsendum. Hvað þá ef vörur gegna hlutverki tákna í samfélaginu eins og Baudrillard og Veblen segja þær gera. Þá kaupir þú vörur til styrktar einhverju góðgerðarmálefni því þér líst vel á það tákngildi sem vörurnar bjóða upp á og vilt að aðrir sjá þig sem góðan einstakling.

Þú getur hins vegar orðið betri manneskja í siðferðilegum skilningi með því að breyta neyslu þinni. Það er ekkert að því að styðja við góðgerðarmál og jafnvel enn þá betra að kjósa að vera siðlegur neytandi, þ.e. kaupa bara vörur sem þú þarft og veist að auka ekki eynd neins eða eru óþarflega mengandi. Neysla er ein af grunnþörfum mannsins en ef við lítum á hana í ljósi Sókratesar sjáum við að þrátt fyrir það að við komumst ekki hjá því að fullnægja líkamlegum þörfum okkar sem krefjast ákveðinnar neyslu megum við ekki og eigum ekki að láta hana stjórna lífi okkar. Hið góða líf felst ekki í uppfyllinga þarfa á hinu líkamlega sviði.

Heimspeki er kannski ekki eina leiðin fyrir þig til þess að auðga líf þitt, og fæst munum við temja okkur að lifa sem dauð værum, en nægjusemi hefur hér mikið að segja. Á undanförunum árum hefur naumhyggja rutt sér til rúms á mörgum sviðum lífsins. Þeir sem hana styðja segja hana á margan hátt auðga og einfalda líf þeirra. Félagsfræðingurinn og hagfræðingurinn Juliet Schor hefur talað fyrir einfaldari lifnaðarháttum þar sem auðsöfnun sé ekki markmiðið heldur tími. Tími með ástvinum eða tími sem þú verð í sjálfan þig. Því ættum við öll að temja okkur nægjusemi að hætti Sókratesar og einbeita okkur fremur að því sem skiptir okkur raunverulega máli og gerir okkur sannanlega að betri manneskjum en að því sem við höldum að við þurfum og fölskum stöðutáknum. Að minnka neyslu þarf þó ekki að útiloka alls konar margbreytilega ánægju af lífinu, hvorki andlega né líkamlega. Hins vegar er mikilvægt að átta sig á eðli neyslu sinnar og þar með sjá villu síns vegar.

Þá tel ég líka líklegt að neysluhegðun mannfólksins, sem hvatt er til í vestrænum samfélögum, geti orðið til þess að brengla siðferðiskennd manna. Í fyrsta lagi vegna þess að í slíku samfélagi er ímynd allt. Ímyndin gerir einstakling að því sem hann er, bæði því sem hann telur sig vera og því sem aðrir telja hann vera. Ímyndin er líka sköpuð í gegnum neyslu, en ímyndin sem einstaklingur skapar þarf ekki að vera í samræmi við hans innri mann, þess vegna er hún, eða getur verið, blekking. Í öðru lagi vegna þess að með því að skilgreina okkur sjálf og aðra út frá neyslu sem krefst aukins hagvaxtar svo neysla geti haldið áfram að aukast erum við að bregðast skyldum okkar gagnvart umhverfinu og samfélagi manna. Þessi neysla krefst þess að við lokum augunum fyrir afleiðingum hennar. Neysla virðist vera orðin mikilvægur hluti samfélagsins, hún gegnir til dæmis því viðamikla hlutverki að flokka okkur í hópa og auðvelda okkur að skilja aðra. Til þess að við getum haldið áfram að skilgreina aðra og okkur sjálf út frá neyslu okkar verðum við að geta litið fram hjá slæmum afleiðingum neyslunnar. Ef við kjósum að hætta að neyta á þann hátt sem við gerum núna gætum við ekki lengur nýtt okkur neysluna eins og við gerum í dag. Vörur mundu ekki lengur hafa tákngildi og neyslan mundi ekki snúast um að vera áberandi. Þar með værum við frelsuð undan oki neysluhyggjunnar og gætum einbeitt okkur betur að málefnum sem þarfnast athygli okkar. Neysla deyfir okkur og gerir okkur að viðráðanlegum þegnum samfélagsins. Ef neysla væri ekki lengur eitt af mikilvægustu stöðum samfélagsins mundu samfélög eðlilega breytast, að öllum líkindum til góða. Í fyrsta lagi yrði þar með úti um samfélagshefð sem miðast að því að raða þegnum í virðingarstiga eftir neysluhegðun og dreifa athygli þeirra frá raunverulegum

vandamálum. Þá yrði eðli málsins samkvæmt flestum mun ljósara það óréttlæti sem við búum við nú á tímum, til dæmis það óréttlæti sem hagvaxtarhyggjan viðheldur. Að sama skapi ætti siðferði manna að batna stórlega að mínu mati. Við yrðum neydd til þess að finnan nýjan grundvöll fyrir virðingu manneskjunnar sem tengdist ekki neyslu, efnahag né eignum, væri alls ótengd þeim hlutum sem fólk safnar í kringum sig. Ef við kysum að taka speki Sókratesar alvarlega gætum við farið að bera virðingu fyrir fólki út frá raunverulegum mannkostum þeirra, eins og góðsemi, hugrekki eða samhygð.

Að lokum vil ég leggja til að allir jarðarbúar, sérstaklega þeir neyslusjúkustu, leggi stund á heimspeki. Ef Sókrates hefur rétt fyrir sér, sem ég tel mjög líklegt, þá göfgar heimspeki sálina. Og göfug sál hefur ekki þörf fyrir því að sanna sig með neyslu eða skapa sjálfsmynd sína í gegnum neyslu. Sömuleiðis er siðfræði heimspekilegur vettvangur og með því að sjá villu síns vegar í siðlausri neyslu sinni ætti almenningur auðveldara með að stíga af hinni röngu braut neyslunnar. Neysla ætti þá að miðast að því að uppfylla lífsnauðsynjar eingöngu, það sem við þurfum til að halda líkamanum gangandi svo við getum lagt stund á meiri heimspeki! Neysla byggist á yfirborðskenndri hugmyndafræði þar sem hún miðar helst að því að skipa okkur í hópa eftir efnahagslegri stöðu. Því er augljóst að neysla á ekki skilið þann tíma og þá orku sem við eyðum í hana og jarðarbúar ættu að taka sig til og henda öllu óþarfa drasli. Þrátt fyrir að framboði sé ekki stjórnað af eftirspurn er ekki þar með sagt að ekki sé hægt að hafa áhrif á framboðið og krefjast þess að vörur á markaði endurspegli raunverulegar þarfir bæði umhverfisins og þeirra sem mest þurfa á hjálp að halda til að geta uppfyllt grunnþarfir sínar.

Lokaorð.

Neysluhyggja tröllríður samfélagi manna. Neysla hefur fengið nýtt hlutverk og er ekki lengur fyrst og fremst nauðsyn til þess að halda líkamanum gangandi. Hún er einhvers konar pólitískt og samfélagslegt afl sem gegnir margs konar hlutverki í daglegu lífi fólks öðru en því að gera þeim kleift að lifa áfram. Þær forsendur sem neysla byggðist á eru að mörgu leyti horfnar og nú er hún nauðsynlegt afl til þess að halda hagkerfum heimsins gangandi og hennar er þannig krafist í sífellu meira mæli. Þegnar vestrænna samfélaga eru hvattir til þess að neyta mikið til þess að halda hjólum atvinnulífsins gangandi en með því kjósa yfirvöld sem og almenningur að líta fram hjá öllum þeim afleiðingum sem mikil og ósjálfbær neysla veldur. Við á Vesturlöndum erum reglulega minnt á þá þjáningu sem liggur að baki framleiðslu á þeim vörum sem við neytum en þær upplýsingar mega síns lítils frammi fyrir neysluæði okkar. Það liggur við að hagkerfið sé tilbeðið eða að minnsta kosti hafið upp á stall sem afl sem muni koma reglu á heiminn og þar með auka jöfnuð og hamingju.

Gagnrýni Veblens og Baudrillard er gagnleg til þess að varpa ljósi á rangar forsendur neysluhyggjunnar og þar með hafna henni sem slíkri. Þeir benda okkur á hvers vegna við neytum og að neysla okkar byggist hvorki á því að halda hjólum hagkerfisins gangandi né á því fyrst og fremst að halda á okkur lífi. Þvert á móti miðar neysla að mestu að því að uppfylla þær grunnhyggnu þarfir mannkynsins að sanna sig fyrir öðrum. Við reynum að öðlast virðingu eða gott álit í gegnum þá hluti sem við eigum í stað þess að vilja öðlast það með manngæsku, hjálpssemi eða hugrekki. Okkur er talin trú um að neysla okkar byggist á hamingju þar sem hún eigi rót sína að rekja til aukins hagvaxtar undanfarinna áratuga og að hagvöxtur jafngildi auknum jöfnuði og að aukinn jöfnuður jafngildi hamingju, segir Baudrillard. En raunin er sú að hagvöxtur hefur hvorki aukið jöfnuð né hamingju og því er sú áhersla sem lögð er á hagvöxt ekki réttlætunleg. Hagkerfið sem slíkt virðist einnig vera byggt á óréttlátum gildum og fyrst og fremst miða að því að gera hina ríku ríkari, ekki endilega þeim fátækari til hagsbóta. Þau gildi sem það byggist á gera einnig lítið úr mannréttindum, þar sem framleiðsluáferðir skulu vera sem ódýrastar, hvort heldur það er á kostnað lífsgæða fjölda manna eða umhverfisins. Þess vegna hljótum við að spyrja okkur hvers vegna við hlýðum þegar við erum hvött til þess að neyta meira og meira ef við vitum að afleiðingar þess eru aðallega slæmar. Enn og aftur stöndum við frammi fyrir því að við verðum að viðurkenna

raunverulega hvöt neyslu okkar sem er allt önnur en við höldum. Neysla hefur verið endurskilgreind á röngum forsendum og tími er kominn til að við áttum okkur á því. Bæði væri það okkur sjálfum fyrir bestu, manneskjur yrðu ekki lengur skilgreindar út frá hlutunum í lífi þeirra og vonandi yrðu raunverulegir mannkostir til marks um góða eða virðingarverða stöðu. Einnig mundum við þar með sjá þau slæmu og siðlausu áhrif sem neysla okkar hefur á umhverfið og fólk. Jafnvel mundum við loks hætta að neyta vara frá fyrirtækjum eða löndum þar sem við vitum að illa er farið með verkafólkið og ekki hugsað sem skyldi um áhrif framleiðslunnar á umhverfið.

Þá legg ég til að heimurinn allur taki sér orð Sókratesar til fyrirmyndar og aðgreini líkamlega og andlega ánægju. Andleg ánægja er þeirri líkamlegu æðri og betri. Hvort heldur einstaklingar kjósa að trúá á tilvist sálarinnar eða ekki mun það verða til gagns. Þar með mundi áherslan flytjast frá „sýndar-andlegum“ áhrifum neyslunnar yfir til raunverulegra áhrifa hennar. Neysla deyfir fjöldann og gerir það að verkum að hann lítur fram hjá vandamálum heimsins, bæði sínum eigin, samfélags síns eða annarra samfélaga í heiminum. Neysluhyggjan lyftir óréttláttu hagkerfi sem viðheldur skiptingu fátækra og ríkra á stall. Það er vegna þess að neysla segir okkur að með því að neyta meira og meira séum við að gera umheiminum gagn, enda séum við að auka hagvöxt sem sé öllum til góða. Lítið er hins vegar bakvið þá staðhæfingu og hagvöxturinn virðist koma þeim ríkari mest til góða, ekki þeim fátækari. Okkur ber því engin skylda til þess að halda við ráðandi neysluháttum okkar, miklu frekar er kominn tími til að staldra við og spyrja okkur að því hvað það sé sem raunverulega gefur lífinu gildi.

Heimildaskrá.

Baudrillard, Jean. *The Consumer Society*. London: Sage Publications, 1998.

Cobb Jr., John B., „Toward a Just and Sustainable Economic Order.“ *Environmental Ethics: An Anthology*. Ritstjórar Andrew Light og Holmes Rolston III. Malden: Blackwell Publishing, 2002. 359-370.

Höfundur óþekktur. „What if the whole world suddenly went vegetarian“, Vefsíða Science Alert. Sótt 5. nóvember, 2015. <http://www.sciencealert.com/what-if-the-whole-world-suddenly-went-vegetarian>.

Höfundur óþekktur. „Sweatshops in Bangladesh.“ Vefsíða samtakanna War on Want. Sótt 5. nóvember, 2015. <http://www.waronwant.org/sweatshops-bangladesh>.

Höfundur óþekktur, „Bangladesh collapse: Death toll passes 1,000 as stacks of bodies found“, vefsíða fréttaritsins *The Journal*. Sótt 1. nóvember, 2015. <http://www.thejournal.ie/bangladesh-building-collapse-death-toll-903024-May2013>.

Platón. *Síðustu dagar Sókratesar*. Þýðandi Sigurður Nordal. Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 2006.

Svavar Hávarðsson. „Hálfnuð á leiðinni í mikinn vanda.“ *Fréttablaðið*, 19. nóvember, 2015.

Veblen, Thorstein. *The Theory of the Leisure Class: An Economic study of institutions*. New York: Random House, 1934.